



Krans með birkiplötum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Nemendur athugi efni sem ekki brotnar niður í náttúrunni og fjalli um afleiðingar þess, gildi endurvinnslu og endurnýtingar. Nemendur upplifi sköpunar-gleði við eigin útfærslu hugmyndar. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Náttúrufræði, textílmennt og lífsleikni.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Í kransinn eru notaðar ungar víðigreinar, t.d. af tröllavíði (alaskavíði) eða körfuvíðir. Greinarnar eru vafðar eða fléttaðar í kransinn. Í síðustu vafningana má nota laufgaðar birkigreinar. Best er að láta greinarnar liggja í bleyti fyrst svo betra sé að vinna með þær.

Að endingu er söguð niður birkigrein í u.þ.b. ½ cm þunnar plötur. Hver nemandi skrifar eitt orð á plötu, eitthvað sem veitti vellíðan í verkefninu. Plöturnar má svo líma á kransinn. Bæði er hægt að vinna þetta sem einstaklingsverkefni eða hópverkefni.

Plöturnar má nota á ýmsan hátt. T.d. má líma mynd af hverjum nemanda á plötu og þá er komin bekkjarmynd. Einnig mætti skrifa eitt orð um framtíðina, eitt orð um börn/unglinga, búa til dagatal, klukku, árstíðirnar, ættarhring og fleira. Upplagt er að búa til hringrás trésins. Á fyrstu plötunni mætti líma frækorn síðan sæist í smágrein á næstu plötu og síðan koll af kalli þangað til tréð er fullvaxið.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Trjágreinar, greinaklippur, sög, lím og límbysa.